

Mál nr. 196/2025**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).****Sakarskipting. Árekstur.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 19. júní 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 7. júlí 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Athugasemdir frá V2, dags. 7. júlí 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum, voru atvik máls þau að bifreiðinni A var ekið áfram á Vesturlandsvegi til austurs á meðan bifreiðinni B, sem M ók, var ekið frá aðrein og inn á Vesturlandsveg. Árekstur varð á milli A og B þegar B var ekið af aðreininni og inn á Vesturlandsveg. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjónanefnd vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að M beri alla sök í málinu, með þeim rökum að hann hafi ekki gætt nægjanlega að annarri umferð áður en skipt var um akrein.

Í málskoti fer M, sem er ósammála tjónanefnd, fram á að nefndin endurskoði niðurstöðu hennar. Færir M m.a. eftirfarandi rök máli sínu til stuðnings. Að ökumaður A hafi viðurkennt að hafa ekki séð B. Að B hafi verið að fullu komin inn á Vesturlandsveg og verið stopp þegar áreksturinn varð. Að ökumanni beri skylda til að sýna aðgát og halda öruggri fjarlægð frá ökutæki fyrir framan. Að það hafi verið nægjanlegt bil milli bíla þannig að hann hafi getað ekið inn á Vesturlandsveginn. Að tjónið á B sýni að A hafi verið ekið aftan á B sem hafi því verið í rétti.

Í athugasemdum frá V1, dags. 5. júní 2026, en A var tryggð hjá V1, er framangreindri röksemdafærslu M mótmælt. Bendir V1 á að áreksturinn milli A og B hafi orðið þegar B var ekið af aðrein inn á akrein Vesturlandsvegar í veg fyrir A. Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 beri i ökumanni sem skiptir um akrein að ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu fyrir aðra. Þá komi jafnframt fram í 3. mgr. sama ákvæðis að ökumaður á aðrein skuli aðlaga hraða ökutækis síns að umferðinni á þeirri akrein sem hann ætlar inn á og fara af aðreininni um leið og það er unnt án hættu. Telur V1 að M hafi brotið gegn þessum ákvæðum og beri því alla sök í málinu. Hvað þau rök M varðar sem snúa að því að ákoman hafi verið aftan á B, þá bendir V1 á að þar sem M hafi skipt skyndilega um akrein utan í A hafi ökumaður A ekki getað brugðist við til þess að koma í veg fyrir árekstur, eða gætt að nægjanlegu bili milli bifreiða skv. 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga. Þá feli það ekki í sér vanrækslu af hálfu ökumanns A að hafa ekki auðveldað umferð frá aðrein inn á veg samanber 3. mgr. 20. gr. umferðalaga, enda hafi hann ómögulega getað brugðist við akreinskiptum M. V1 ítrekar því þá afstöðu sína að M beri alla sök í málinu og vísar einnig í úrskurði nefndarinnar í málum nr. 128/2023 og 195/2023 því til stuðnings.

Í athugasemdum frá V2, dags. 7. júlí 2025, en B var tryggt hjá V2, er m.a. vísað til athugasemda M. Þá er einnig á það bent að ljóst sé að B sé hærri en margir fólksbílar. Telur V2 því að jafnvel þó A sé stór flutningabifreið verði að gera þá kröfu til ökumanna slíkra bifreiða að þeir hafi gott útsýni til allra átta og geti áttað sig á aðstæðum í umferðinni. Telur V2 að framburður ökumanns A sýni að sú hafi ekki veið raunin í hans tilviki.

Álit.

Í 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er kveðið á um að ökumaður skuli, áður en hann ekur af stað frá vegarbrún, skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar, ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að skapa hættu eða óþarfa óþægindi fyrir aðra. Í málinu liggur fyrir skýrsla frá Aðstoð & Öryggi ehf., þar sem tekinn var framburður af ökumönnum A og B. M, sem var ökumaður B, kvaðst hafa ekið frá Orkunni Vesturlandsvegi og inn á frárein Vesturlandsvegar að Suðurlandsvegi. Sagði hann að nægt pláss hafi verið í næstu bifreið. Hann hafi því skipt um akrein, til vinstri, inn á hægri akrein en þá hafi orðið árekstur við A. Ökumaður A kvaðst hafa ekið Vesturlandsveg til austurs á hægri akrein í mikilli umferð. Kvaðst hann ekki hafa tekið eftir B fyrr en hann heyrði skruðninga en þá hafði árekstur orðið.

Þá sagðist ökumaður A ekki skilja af hverju M hafi ekki ekið lengra eftir aðreininni áður en hann valdi að færa sig inn á Vesturlandsveg á milli A og annars bíls sem var þar fyrir framan. Þegar framangreindar frásagnir eru hafðar í huga, og gögn málsins að öðru leiyi, hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að orsök árekstursins sé sú að M hafi vanrækt skyldu sína samkvæmt 2. og 3. mgr. 20. gr. umferðarlaga. Hann beri því alla sök á árekstrinum,

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðarinnar B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 28. október 2025
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir